

**Fyrirmæli til leigubílstjóra vegna aksturs með farþega, farþega í sóttkví eða með mögulegt COVID-19 smit (en einkennalaus). Tilgangur fyrirmæla er að verja leigubílstjóra og farþega fyrir hugsanlegu smiti.**

- Allir leigubílstjórar þurfa að fylgja fyrirmælum sóttvarnalæknis til að mega flytja farþega.
- Ekki verða gefnar út undanþágubeiðnir vegna aksturs með farþega án þess að uppfylla reglur sóttvarnalæknis, athugið þetta er ákvörðun heilbrigðisráðuneytis.
- Leigubílstjórar skulu gera ráð fyrir að þeir séu ávallt útsettir fyrir mögulegu COVID-19 smiti í akstri með farþega og skulu gera allt sem þeir geta til að verja sig og farþega sína fyrir mögulegu smiti
- Leigubílar eiga ekki að flytja veika farþega, það er farþega með einkennum COVID-19 (sjá að neðan).

**Skiptiborð leigubílastöðvar:**

- Spyrja hvort viðkomandi hafi einkenni COVID-19, það er hita, kvefeinkenni, hósta eða hálsþéttindi. Ef já, þá er þetta ekki verkefni fyrir leigubíl.

**Bíllinn:**

- Tryggja skal aðskilnað milli bílstjóra og farþega með fjarlægð eða þéttu skilrími. Best ef bíllinn er það stór að 2ja metra aðskilnaður sé milli bílstjóra og farþega. Ef það næst ekki skal tryggja aðskilnað með plasti eða svipaðri lausn sem ekki hefur áhrif á öryggi við akstur.
- Gera þarf ráð fyrir að fjöldi farþega sem hægt er að flytja minnki um helming, þ.e. bíll sem áður hefur flutt 4 farþega (1 í framsæti og 3 í aftursæti), geti einungis flutt tvo farþega í aftursæti með eitt sæti laust á milli. Stór bíll sem áður hefur flutt 8 farþega getur t.d. flutt 4 farþega.
- Heimilt er að flytja fleiri en 2 farþega í aftursæti venjulegs leigubíls ef þeir þekkjast allir vel, t.d. eru úr sömu fjölskyldu. Sama á við um fjölda í stærri leigubíl ef farþegar þekkjast vel og hafa verið í mikilli nánd áður.
- Leiðbeiningar sóttvarnalæknis um smitgát skulu vera festar aftan á sætin svo þau séu sýnileg farþegum.
- Einnota hanskar, spritt, þurrkur og ruslapokar séu aðgengilegar fyrir bílstjóra og farþega.
- Snertilaus greiðsluleið/posi sé til staðar.

**Bílstjórinn:**

- Sé ekki í áhættuhópi, tryggir öryggi sitt og gætir að því að fylgja fyrirmælum til að koma í veg fyrir smit milli farþega.
- Hafi kynnt sér reglur um smitgát og þrif á bifreið að loknum flutningi.
- Tryggir aðskilnað við og milli farþega. Farþegi má ekki sitja við hlið bílstjóra. Farþegar skulu alla jafna hafa autt sæti sín á milli. Frávik frá þeirri reglu gildir aðeins ef um er að ræða fjölskyldur eða álíka nákomna hópa.
- Biður fólk að skilja farangur eftir við farangursrými → setur upp einnota hanska og gengur frá farangri → hendir hönskum í ruslapoka og sótthreinsar hendur áður en ferð er hafin. Ef farþegi er nægilega heilsuhraustur er best að hann gangi sjálfur frá farangri sínum í farangursgeymslur.
- Tekur við greiðslu með rafrænum og snertilausum hætti.

- Biður fólk á áfangastað að sitja kyrrt í bílnum → setur upp einnota hanska og tekur farangur úr farangursrými → færir sig frá (2 m lágmark) meðan farþegar taka farangurinn. Ef farþegi er heilsuhraustur er best að hann taki sjálfur farangur úr farangursgeymslu og að farþeginn spritti hendur áður en hann farangursgeymslu og eftir að hann lokar henni.
- Þrífur og sótthreinsar bílinn eftir ferð skv. leiðbeiningum sóttvarnalæknis. Notar hanska. Athugið að Covid-19 veiran drepst í sneringu við sápu (t.d. Virkon) og heitt vatn. Best er ef skipt er um tusku til þrifa eftir hvern flutning/ eða vera með einnota klúta. Tuskur má þvo á hefðbundinn hátt í þvottavél. Mælt er með að sótthreinsa sæti með spritti eftir hvern flutning.

Bent er á mjög góðar leiðbeiningar á [vef landlæknis til framfólks í atvinnulífinu](#) varðandi smitgát og þrif.

3. apríl 2020